



Alþingi
Erindi nr. P 130/1956
komudagur 19.4.2004

Reykjavík
14.apríl 2004

v/130. löggjafarþing
v/Þskj. 1203, 1069, 1068 – 749, 720, 719. mál

Umsögn um frumvörp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002
og lögum um útlendinga nr. 96/2002

UMSÖGN

Umsögn Samtaka um Kvennaathvarf snýr að tillögu um breytingar á 15. gr. laga um útlendinga, en tillagan er eftirfarandi: „Víkja má frá skilyrði um tveggja ára hjúskap, staðfesta samvist eða skráða sambúð hér á landi ef rekja má skilnað, slit sambúðar eða samvistar til ofbeldis hins makans.“ Ennfremur snýr umsögnin að tillögu um breytingar á 11. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga, en tillagan er eftirfarandi: „Heimilt er að víkja frá skilyrðum um tímalengd hjúskapar, samvistar eða sambúðar og lögheimilis ef rekja má skilnað að borði og sæng, lögskilnað, slit samvistar eða sambúðar til ofbeldis gagnvart erlenda makanum.“

Samtök um kvennaathvarf lýsa stuðningi við ofangreindar tillögur og hvetja til að þær verði samþykktar.

GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Á neðangreindri töflu sést þjóðerni þeirra kvenna sem til Kvennaathvarfsins leita og hlutfall erlendra kvenna. Síðustu fjögur ár hefur hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem koma í viðtöl eða dvöl í athvarfinu verið frá 7-15%. Þetta hlutfall er ekki í samræmi við hlutfall erlendra kvenna hér á landi en samkvæmt greinagerð með frumvarpi um atvinnuréttindi útlendinga eru konur af erlendu bergi brotnar 3,75% af konum búsettum á Íslandi.

	2003	Hlutf.	2002	Hlutf.	2001	Hlutf.	2000	Hlutf.	1999	Hlutf.
Ísland	346	89%	404	93%	439	87%	316	91%	253	85%
Evrópa	18	5%	14	3%	30	6%	13	4%	21	7%
Afrika	8	2%	3	1%	20	4%	6	2%	2	1%
Ameríka	3	1%	6	1%	4	1%	2	1%	8	3%
Asía	13	3%	8	2%	10	2%	10	3%	14	5%
	388		435		503		347		298	

Þetta misræmi skýrist að einhverju leyti að því að erlendar konur hafa síður öryggisnet fjölskyldu og vina í kringum sig þegar í harðbakkann slær, og þurfa því í ríkari mæli að leita til Kvennaathvarfsins, en það skýrir varla allan þennan mun.

Í ársskýrslu okkar fyrir árið 2003 er greint frá því að erlendar konur koma í 75% tilfella vegna núverandi maka en hlutfallið hjá þeim íslensku er 52%. Aðrar konur koma vegna fyrrverandi maka eða annarra nákominna.

Af þessu má sjá að ofbeldi maka gagnvart konum af erlendum uppruna er varla minna en gagnvart íslenskum konum. Ein birtingarmynd heimilisofbeldis er einangrun kvenna frá umheiminum en konur sem eru ókunnugar umhverfi og samfélagi eru viðkvæmari fyrir slíku ofbeldi. Í einhverjum tilvikum er um slíka einangrun að ræða að konur hafa ekki hugmynd um þau úrræði sem þeim standa til boða og/eða treysta ekki yfirvöldum til að aðstoða sig. Dæmi eru um að ofbeldisfullir makar noti það sem hótun að konan verði send úr landi ef hún óski eftir skilnaði. Þessi hótun er raunveruleg miðað við löggjöfma eins og hún er í dag.

Það væri mikil réttarbót fyrir konur af erlendum uppruna í ofbeldissamböndum ef þær tillögur sem lagðar eru fram í frumvörpunum næðu fram að ganga.